



BETRI
SAMGÖNGUR

Staða og framgangur verkefna

Desember 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Fjárfestingar.....	5
2.1 Stofnvegir.....	6
2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls.....	6
2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur	6
2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata	6
2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar	6
2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut	6
2.1.6 Sæbrautarstokkur.....	7
2.1.7 Miklubrautarstokkur.....	7
2.1.8 Garðabæjarstokkur.....	7
2.2 Borgarlínan	8
2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg	8
2.2.2 Lotur 2 og 4: Hamraborg – Lindir og Fjörður - Miklabraut	8
2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ.....	8
2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut	9
2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng	9
2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt	9
2.3 Virkir ferðamátar.....	10
2.3.1 Arnarneshæð.....	10
2.3.2 Elliðaárdalur – Brúin við Árbæjarlaug að Grænugróf.....	10
2.3.3 Strandgata.....	10
2.3.4 Skógarhlíð	10
2.3.5 Elliðaárdalur - Dimma	10
2.3.6 Stofnstígar með Arnarnesvegi.....	10
2.3.7 Ásbraut.....	10
2.3.8 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal.....	10
2.3.9 Hafnarfjarðarvegur Tún	10
2.3.10 Hafnarfjarðarvegur, Norðurbær.....	10
2.3.11 Hafnarfjarðarvegur í vogi Kópavogs	11
2.3.12 Kringlumýrarbraut við Suðurhlíð	11
2.3.13 Elliðaárdalur, Brú á Grænugróf og stígar að Breiðholtsbraut	11
2.4 Öryggi og flæði.....	12

3. Fjármögnun.....	13
3.1 Keldnalandið	13
3.2 Flýti- og umferðargjöld	13
3.3 Lántökur	13
4. Stjórnarfundir.....	15

1. Inngangur

Í h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans segir að Betri samgöngur (fyrirtækið) skuli skila hluthöfum sínum á a.m.k. sex mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál. Í grein 2.1 í hluthafasamkomulaginu um fyrirtækið er mælt fyrir um stýrihóp sem skipaður sé forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (nú innviðaráðherra), fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans sé að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn komi einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í grein 4.3 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn skuli, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna fyrirtækisins. Skýrsla þessi er gerð að þessu tilefni.

2. Fjárfestingar

Árið 2023 er fimmta ár gildistíma Samgöngusáttmálans. Hinn 9. mars sl. ákvað stýrihópurinn að hefja vinnu við uppfærslu hans. Miklar verðhækkanir hafa orðið, einkum í verklegum framkvæmdum, auk þess sem ljóst er að kostnaðaráætlanir voru vanáætlaðar. Vinnan felst einkum í að uppfæra framkvæmdatöflu, þ.m.t. tíma- og kostnaðaráætlanir, meta áhrif stofnvega- og Borgarlínuinnviða m.t.t. markmiða um greiðar samgöngur, fjölbreytta ferðamáta, kolefnishlutlaust samfélag og umferðaröryggi, setja mælanleg undirmarkmið og árangursvísa og móta leiðir að bæta stjórnskipulag verkefnisins og einstakra verkefna.

Betri samgöngur hafa skilað ýmsum tillögum, sviðsmyndum og öðrum gögnum til viðræðhóps sem hluthafar hafa skipað. Þar sem uppfærðar tíma- og kostnaðaráætlanir liggja ekki fyrir verður ekki umfjöllun um þær í þessari skýrslu. Þær verða kynntar rækilega þegar stýrihópurinn hefur tekið þær ákvarðanir sem þarf til að leggja lokahönd á þær. Vegna þessarar vinnu hefur áhersla ráðgjafa verið færður yfir á að hraða verkefnum sem hefur þurft að svara í umræddum sviðsmyndum með þeim afleiðingum að hægt hefur verið á öðrum viðfangsefnum hjá sömu ráðgjöfum á sama tíma.

Þessi taflar sýnir framlög hluthafa til 28. desember og fjárfestingu í framkvæmdum frá gildistöku Samgöngusáttmálans til 22. nóvember sl.

Framlög	2019	2020	2021	2022	28.12.2023	Samtals
Ríkissjóður	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	2.762.475.000	13.026.079.651
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	5.488.197.674
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	3.968.870.349	18.514.277.325

Framkvæmdir	2019	2020	2021	2022	22.11.2023	Samtals
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	804.657.744	6.155.235.195
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	898.685.206	3.395.186.404
Virkir ferðamatár	198.643.497	426.963.273	819.968.842	699.453.639	453.086.796	2.598.116.047
Öryggi og flæði	262.691.305	253.481.468	348.710.520	224.170.953	391.960.992	1.481.015.238
	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.698	2.548.390.738	13.629.552.884

2.1 Stofnvegir

2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls

- Umfang:** Breikkun í fjórar akreinar og aðskilnaður akstursstefna, lenging og styrking undirganga fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi, tilfærsla og nýir stígar, hljóðvarnir.
- Staða:** Vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans hefur áhersla hönnuða verið á öðrum viðfangsefnum og vinnu við frekari undirbúning þessa verkefnis var því frestað. Auk þess er gert ráð fyrir að þetta verkefni færist yfir á samgönguáætlun og hverfi út úr verkefnasafni Samgöngusáttmálans.

2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur

- Umfang:** Endurnýjun akbrauta og breikkun til að aðskilja akstursstefnur.
- Staða:** Framkvæmd er lokið.

2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata

- Umfang:** Frumhönnun lausna með tveimur akreinum í hvora átt, mislægum gatnamótum og Reykjanesbraut niðurgrafinni á kafla auk frumathugunar á jarðgöngum.
- Staða:** Unnið að umferðargreiningum og jarðvegsrannsóknnum. Skoðaðar hafa verið mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Fjarðahrauns og Reykjanesbrautar og tvær mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu. Auk þess hafa jarðgöng undir Setbergshamarinn frá Lækjargötu að Álftanesvegi verið skoðuð til samanburðar með mismunandi útfærslum á vegtengingum við Álftanesveg. Það er ljóst að endanlegt val á lausn mun hafa veruleg áhrif á kostnað verkefnisins. Reiknað er með að niðurstaða úr jarðvegsrannsóknnum liggi fyrir á fyrsta eða öðrum ársfjórðungi 2024.

2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

- Umfang:** Flugrampi verður fyrir vinstri beygju af Reykjanesbraut vestur Bústaðaveg og vinstri beygja af Bústaðavegi norður Reykjanesbraut að Sæbraut verður aflögð. Hvoru tveggja stuðlar að bættu umferðarflæði með Reykjanesbraut í frjálsu flæði. Að auki er fyrir séð tilfærsla á Reykjanesbrautinni, lenging undirganga og auknar hljóðvarnir.
- Staða:** Vinna við frumdrög og mat á umhverfisáhrifum er í gangi. Umsögn Skipulagsstofnunar um matsáætlun framkvæmdarinnar lá fyrir í lok júní 2023 og gert er ráð fyrir að matsskýrslan verði tilbúin til almennrar kynningar um mitt ár 2024. Forhönnun verður boðin út á fyrsta ársfjórðungi 2024. Í byrjun nóvember 2023 var tekin sameiginleg ákvörðun Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Betri samgangna um að áframhaldandi hönnun skuli byggð á legu 3. lotu Borgarlínu milli Mjóddar og Vogabyggðar í austurkanti Reykjanesbrautar.

2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut

- Umfang:** Framlenging Arnarnesvegur að Breiðholtsbraut, breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Elliðaáam, akstursbrú yfir Breiðholtsbraut, undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir Breiðholtsbraut og Arnarnesveg og hjólastígar meðfram Arnarnesvegi ásamt tengingum við núverandi stígakerfi og nýrri göngu- og hjólabrú yfir Elliðaár við Dimmu.

Útfærsla á hönnun Arnarnesvegjar tók mið af hljóðvíst og öðrum umhverfiskröfum á deiliskipulagsstigi og var langt komin við stofnun Betri samgangna. Auk framkvæmda við Arnarnesveginn er nauðsynleg breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Vatnsendahvarfi sem eiga að tryggja flæði umferðar um Breiðholtsbraut fram hjá gatnamótum við Arnarnesveg. Í tengslum við verkefnið eru líka hjólastígar meðfram Arnarnesvegi og tenging við hjólastíga við Rjúpnaveg og Elliðaárdal ásamt hjólabrú yfir Arnarnesveg og Elliðaár við Dimmu og undirgöng undir Arnarnesveg og Breiðholtsbraut til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þetta eru meginástæður þess kostnaður verður talsvert meiri en Samgöngusáttmálinn gerði ráð fyrir, eins og fram kemur í töflunni.

Staða: Framkvæmdir við verkið hófust í byrjun september 2023 með undirbúningi á breikkun Breiðholtsbrautar og jarðvinnu í kringum brúarstæði Arnarnesvegjar fyrir þverun Breiðholtsbrautar. Auk þess hefur verið unnið að færslu og lýsingu stíga.

2.1.6 Sæbrautarstokkur

Umfang: Um er að ræða 850 m langan stökk, 2+2 auk neyðarvasa, að- og fráreina ásamt ljósastýrðum gatnamótum við Skeiðarvog og Kleppsmýrarveg á stökkloki. Aðlögun á römpum við Vesturlandsveg bráðabirgða göngubrú fyrir þverun Sæbrautar á framkvæmdatíma og fram að framkvæmdatíma. Núverandi gatnamót Súðavogs og Sæbrautar leggjast af. Á suðurenda stokksins mun fyrsta lota Borgarlínu þvera Sæbrautina á leið sinni frá Suðurlandsbraut að Ártúnshöfða.

Staða: Vinna við forhönnun lýkur um á fyrsta ársfjórðungi 2024 og gert er ráð fyrir að vinnu við mat á umhverfisáhrifum ljúki um mitt ár 2024. Skipulagsvinna Reykjavíkur á svæðinu er umfangsmikil, en verður að vera langt komin áður en hægt verður að hefjast handa við verkhönnun og undirbúning útboðs verklegra framkvæmda.

2.1.7 Miklubrautarstokkur

Umfang: Um er að ræða 1500 m langan stökk frá Kringlu og vestur fyrir Snorrabraut, 2+2 vegur með römpum að og frá stokki vestan Kringlumýrarbrautar. Til frekari skoðunar er auk þess tenging Bústaðavegar og Snorrabrautar við Hringbraut.

Staða: Vinna við frumdrög er í gangi en hefur dregist meðal annars vegna forgangsroðunar og skoðunar á breyttum útfærslum vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans. Til samanburðar við stökk var ákveðið að láta líka vinna frumdrög fyrir jarðgöng sem næðu frá sama stað vestan Snorrabraut austur fyrir Grensásveg. Gert er ráð fyrir að vinnu við frumdrög beggja lausna ljúki á öðrum ársfjórðungi 2024. Reiknað er með að afstaða til þessara lausna verði hluti af uppfærðum Samgöngusáttmála.

2.1.8 Garðabæjarstokkur

Umfang: Um er að ræða 400 m langan stökk á Hafnarfjarðarvegi milli Vífilsstaðavegar og Lyngáss. Frágangur og fyrirhuguð lega Borgarlínunnar ásamt innanbæjargötu Garðabæjar ofan á stokki er ekki hluti af þessu verki.

Staða: Vinna við undirbúning ekki hafin.

2.2 Borgarlínan

2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg

Staða: Lotunni hefur verið skipt í átta leggi frá Ártúnshöfða að Hamraborg (Ártúnshöfði, Elliðaárvogur, Suðurlandsbraut, Miðbær, HÍ og BSÍ, Vatnsmýri, Fossvogsbrú og Kársnes). Frumdragavinnu allra hluta er lokið og forhönnun hafin á öllum hlutum leiðarinnar. Matsskýrsla umhverfisáhrifa vegna fyrstu lotu Borgarlínunnar er tilbúin en reiknað er með að hún verði formlega sett í kynningarferli samhliða kynningu á nauðsynlegri breytingu aðalskipulags Kópavogs og Reykjavíkur sem bíður þess að uppfærslu Samgöngusáttmála ljúki.

Hönnunar- og framkvæmdaáfangar verkefnisins munu halda áfram að skarast og þannig hefjast verkhönnun og framkvæmdir við ákveðna leggi áður en forhönnun allrar lotunnar lýkur. Í því ljósi mun ekki verða hægt að leggja til samþykktar heildar kostnaðaráætlanir hvers hönnunaráfanga fyrir sig áður en næsta stig verkefnisins hefst eins og almennt er gert og æskilegt væri. Tímalína einstakra hluta Borgarlínunnar afmarkast af fjölmörgum innri og ytri þáttum eins og framvindu í skipulagsmálum og framvindu annarra tengdra verkefna eins og vegstokka og uppbyggingu á lóð Landspítalans við Hringbraut. Enn er miðað við að fyrsti hluti innviða Borgarlínu sem tilbúinn verð fyrir akstur verði frá Hamraborg um Fossvogsbrú að HÍ. Talsverð orka hefur farið í að tryggja öryggi flugumferðar við hönnun Borgarlínu á Fossvogsbrú og á nýrri fyllingu við flubrautarendann en nú sér fyrir endann á þeirri vinnu. Í kjölfarið er stefnt að útboði á fyllingum Borgarlínunni beggja vegna Fossvogsbrúar.

Auk framvindu í undirbúningi og afreiðslu nauðsynlegra skipulagsbreytinga mun tímalína framkvæmda áfram taka mið af öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði lotu 1. Frekari vinna við uppfærslu á tímalínu Borgarlínunnar mun fara fram þegar ljóst verður hvernig uppfærslu Samgöngusáttmálans verður háttáð.

2.2.2 Lotur 2 og 4: Hamraborg – Lindir og Fjörður - Miklabraut

Staða: Unnið er í frumdrögum að skoðun á mögulegu leiðarvali og fyrirkomulagi lotu 2 og lotu 4 um Hamraborg og tengingum lotu 4 frá Listabraut að Hamraborg og frá Hamraborg að Fífuhvamsvegi. Frekari greiningarvinna vegna lota 2 og 4 bíður niðurstöðu þessara frumdraga.

2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ

Staða: Ákveðið var af Reykjavíkurborg, Vegagerðinni og Betri samgöngum að hönnun 3. lotu milli Mjóddar og Vogabyggðar verði hluti af hönnunarútboði gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar sökum nálægðar í legu og áhrifum verkefnanna hvort á annað. Jafnframt hefur verið ákveðið á sama vettvangi að áframhaldandi hönnunarvinna byggji á að lega Borgarlínunnar verði í austurjaðri Reykjanesbrautar við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar með tengingum við Stekkjarbakka í suðri og við Vogastöð um nýja akstursleið sem fer undir Vesturlandsveg í Ártúnsbrekku samhliða vestari ál Elliðaánna. Ekki er fyrirséð að framkvæmdir við þverun Vesturlandsvegar

eigi sér stað fyrr en nýtt leiðarkerfi Strætó hefur verið innleitt og 1. lota Borgarlínunnar hefur akstur að Krossamýrartorgi. Reiknað með að framkvæmdir í námunda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði framkvæmdar samhliða framkvæmdum við gatnamótin.

2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut

Staða: Sjá 2.2.2

2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng

Staða: Ákvörðun um tímasetningu á frekari undirbúningsvinnu á lotu 5 bíður eftir niðurstöðu um uppfærslu Samgöngusáttmálans.

2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt

Staða: Stefnt er að því að frekari undirbúningur 6. lotu Borgarlínunnar verði unnin sem hluti af áframhaldandi þróunarvinnu rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppni um Keldnaland.

2.3 Virkir ferðamatár

2.3.1 Arnarneshæð

Framkvæmdin: Undirgöng.
Staða: Framkvæmd hófst í upphafi júní 2022 og bílaumferð var hleypt á brúnnu í júlí 2023 og umferð hjólandi og gangandi um undirgöngin var hleypt á í október 2023. Áætluð verklok eru í árslok 2023.

2.3.2 Elliðaárdalur – Brúin við Árbæjarlaug að Grænugróf

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr hjólastígur í Elliðaárdal frá brúnni við Árbæjarlaug að Grænugróf.
Staða: Framkvæmdum er lokið.

2.3.3 Strandgata

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Strandgötu.
Staða: Framkvæmdum er lokið.

2.3.4 Skógarhlíð

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr göngu- og hjólastígur meðfram Skógarhlíð
Staða: Verkhönnun er lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála.

2.3.5 Elliðaárdalur - Dimma

Framkvæmdin: Stofnstígar. Göngu og hjólastígur ásamt brú yfir Elliðaár.
Staða: Hluti af verksamningi Arnarnesvegur.

2.3.6 Stofnstígar með Arnarnesvegi

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum Arnarnesvegi.
Staða: Hluti af verksamningi Arnarnesvegur.

2.3.7 Ásbraut

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að Hamraborg.
Staða: Verkhönnun er lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála.

2.3.8 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal

Framkvæmdin: Stofnstígar. Aðskilnaður á göngu- og hjólastígum.
Staða: Verkhönnun lokið en framkvæmdum frestað samkvæmt ákvörðun Kópavogs.

2.3.9 Hafnarfjarðarvegur Tún

Framkvæmdin: Stígur frá gangnamunna Arnarnesganga að Vífilstaðavegi.
Staða: Í hönnun.

2.3.10 Hafnarfjarðarvegur, Norðurbær

Framkvæmdin: Stígur frá Breiðási í Garðabæ að Suðurvangi í Hafnarfirði.
Staða: Í hönnun.

2.3.11 Hafnarfjarðarvegur í vogi Kópavogs

Framkvæmd Frá undurgöngum á Kársnes stíg að gangnamunna Arnarnes undirganga.
Staða Í hönnun.

2.3.12 Kringlumýrarbraut við Suðurhlíð

Framkvæmd Frá Bústaðavegsbrú að Suðurhlíð í Fossvogi.
Staða Í útboði og verður framkvæmt á árinu 2024.

2.3.13 Elliðaárdalur, Brú á Grænugóf og stígar að Breiðholtsbraut

Framkvæmd Ný brú á Grænugróf og nýir stígur að Breiðholtsbraut.
Staða Gerð útboðsgagna að ljúka, stefnt á útboð í upphafi 2024 og framkvæmd í kjölfarið.

2.4 Öryggi og flæði

Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósastýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningssamgangna.

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósastýringar á tæplega 90 gatnamótum og gönguþverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Betri samgöngum er ætlað að fjárfesta í tækjabúnaði, úrbótum og tækniþróun fyrir umferðarljósastýringar.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH vinnur að úrbótum í samræmi við aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum frá 2021 og niðurstöður úttekta á stöðu umferðarljósabúnaðar og -stýringa. Í kjölfarið hefur verið, og er áfram, unnið að ítarlegri ástandsgreiningu og uppfærslu stýringa á hverjum stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Stöðugt verður unnið að endurnýjun tækjabúnaðar til að nýta nýja tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Vegna kærumála við útboð á umferðarljósabúnaði gekk mun hægar en vonir stóðu til að endurnýja og bæta umferðarljósabúnað á svæðinu en nýleg útboð hafa skilað góðum árangri.

Smærri verkefni til að bæta flæði og öryggi og almenningssamgöngur á stofnvegum eru unnin jafnt og þétt eftir þörfum. Á árinu hafa m.a. hafa verið gerðar endurbætur á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu samhliða endurnýjun umferðarljósabúnaðar, ný gangbrautarljós voru sett upp á Eiðsgranda og byggðar hafa verið nýjar stoppistöðvar og útskot fyrir almenningssamgöngur á Kringlumýrarbraut í Fossvogi.

3. Fjármögnun

3.1 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu lands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í Samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínuna sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við Reykjavíkurborgar látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í desember 2022 gengu ríkissjóður og Betri samgöngur frá samningi sín á milli um að félagið taki við landsvæðinu við Keldur og Keldnaholt ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast.

Alþjóðlegri samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið lauk nú í haust. Fimm teymi af 36 sem skiluðu tillögum voru valin til að vinna áfram í öðru þrepi samkeppninnar og fékk tillaga FOJAB frá Svíþjóð hæstu einkunn dómnefndar. Nú er að hefjast vinna við rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppninnar. Gert er ráð fyrir að formleg skipulagsgerð taki innan við tvö ár. Svæðið í heild er alls um 115 hektarar og vinningstillagan gerir ráð fyrir að þar rísi 3-5 hæða byggð fyrir um 12 þús. íbúa og 8 þús. störf með þremur Borgarlínustöðvum.

3.2 Flýti- og umferðargjöld

Vegakerfið á Íslandi hefur verið fjármagnað með bensín- og olíugjöldum. Hlutfall vistvænna ökutækja eykst hratt og endurskoðun stendur yfir á tekjustofnum ríkisins vegna ökutækja og eldsneytis.

Í Samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti innheimt svonefnd flýti- og umferðargjöld sem yrðu liður í breyttri gjaldtöku ríkisins. Áætlað er að það skili fyrirtækinu 60 milljörðum á tímabilinu, á verðlagi 2019. Fyrirtækið hóf haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneyti hafa sett á fót verkefnastofu sem falið verður að vinna með ráðuneytunum að mótun tillagna um nýtt fyrirkomulag tekna af vegasamgöngum til framtíðar og munu Betri samgöngur vinna áfram með verkefnastofnunni að skoðun á flýti- og umferðargjöldum.

3.3 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. málsl. er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

Viðræður við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands, fyrir hönd Endurlána ríkissjóðs, um lánasamninga voru langt komnar þegar ákveðið var að hefja uppfærslu

Samgöngusáttmálans í mars. Drög að samningum sem aðilar voru búnir að koma sér saman um lágu þá fyrir. Reikna má með að gengið verði frá þeim þegar vinnu við uppfærslu sáttmálans er lokið og ný fjárflæðisáætlun liggur fyrir. Lausafjárstaða Betri samgangna er sterk og því kemur það ekki að sök þótt lánasamningur verði ekki undirritaður strax.

4. Stjórnarfundir

Stjórn hefur alls haldið 76 fundi. Þeir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða föstudag í hverjum mánuði.



BETRI
SAMGÖNGUR

Grandagarður 16
101 Reykjavík

betrisamgongur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026